

55
ára

Aðalfundur

Borgartúni 6 • 105 Reykjavík

18. maí 2020



ÞROSKAFJÁLFAFÉLAG
ÍSLANDS

Áræðni - Framþróun - Sveigjanleiki

Dagskrá

Þessi eru skyldustörf aðalfundar:

- a) Kosnir starfsmenn fundarins
- b) Formaður leggur fram skýrslu stjórnar
- c) Gjaldkeri leggur fram endurskoðaða reikninga félagsins til afgreiðslu
og gerir grein fyrir fjárhag þess
- d) Lagabreytingar
- e) Kosning í stjórn, nefndir og ráð
- f) Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga félagsins og eins til vara
- g) Lögð fram fjárhagsáætlun næsta árs og félags gjöld ákveðin
- h) Önnur mál



Umbrot: Margrét Kröyer



Skýrsla stjórnar starfsárið 2019 - 2020

Stjórn ÞÍ skipuðu:

Laufey Elísabet Gissurardóttir formaður,
Halldóra Jóhannesdóttir Sanko varaformaður,
Steinunn Jónsdóttir ritari,
Bjarnveig Magnúsdóttir gjaldkeri
Hanna Kristín Sigurðardóttir meðstjórnandi
Ingibjörg Gyða Guðrúnardóttir meðstjórnandi
Jóhanna Lilja Ólafsdóttir meðstjórnandi

Hanna Kristín Sigurðardóttir tengiliður við fagráð.
Bjarnveig Magnúsdóttir tengiliður við vísindasjóð.
Ingibjörg Gyða Guðrúnardóttir tengiliður við Þroskahjálp og við laganefnd.
Jóhanna Lilja Ólafsdóttir tengiliður við útgáfuráð.
Anna Lilja Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri ÞÍ, er tengiliður við Kjörnefnd og Vísindasjóð.
Laufey Elísabet Gissurardóttir tengiliður við Siðanefnd, og fulltrúi í stjórn NFFS.

Tengiliðir við nefndir og ráð:

Halldóra Jóhannesdóttir Sanko tengiliður við trúnaðarmannaráð og fulltrúi í stjórn NFFS.

Áræðni - Framþróun - Sveigjanleiki

Hlutverk skrifstofu

Á skrifstofu félagsins starfa formaður og framkvæmdastjóri í fullu starfi. Þar eru unnin flest þau verkefni sem snúa að rekstri félagsins og stjórnun þess. Meðal helstu verkefna má nefna:

- Ráðgjöf vegna kjara- og réttindamála.
- Ráðgjöf vegna ráðningarsamninga.
- Kjarasamningagerð og stofnanasamningagerð.
- Upplýsingar varðandi launakjör og launaþróun.
- Fræðsla frá formanni og framkvæmdastjóra út á stofnunum/fyrirtækjum þar sem félagsmenn starfa.
- Lögfræðipjónustu BHM á sviði vinnuréttar.
- Aðstoð við lausn ágreiningsmála á vinnustað.
- Ráðgjöf til félagsmanna í atvinnuleit og stuðningur til atvinnulausra félagsmanna.
- Félagið er talsmaður/fulltrúi félagsmanna í einstaklingsmálum, ef óskað er eftir.
- Annast samstarf við NFFS (nordisk forum for socialpedagoga og situr formaður ásamt varaformanni í stjórn NFFS) einnig samstarf við AIEJI sem eru alþjóðleg samtök þroskaþjálfara/social educators.
- Aðgang að sjóðum BHM (styrktarsjóður, sjúkrasjóður, orlofssjóður, starfsmenntunar-sjóður, starfsþróunarsetur háskólamanna).
- Aðgang að orlofshúsum BHM.
- Styrki úr Vísindasjóði og fag- og fræðslusjóði.
- Félagið birtir atvinnuauklýsingar fyrir félagsmenn og vinnustaði.
- Halda yfirlit yfir og bókfæra innheimt félagsgjöld og önnur samningsbundin og lögboðin gjöld.

- Annast skráningu nýrra félagsmanna og viðhalda félagaskrá og netfangalista.
- Senda grunnupplýsingar til vinnuveitenda varðandi félagsgjöld og sjóði.
- Annast skjalavörslu, bréfaskriftir og upplýsingamiðlun.
- Annast dagleg samskipti við viðskiptaaðila, s.s. stjórnir, nefndir, ráð, BHM, DK, viðskiptabanka og Advania.
- Aðstoða félagsmenn, trúnaðarmenn og fulltrúa í samstarfsnefndum og kjaranefndum við túlkun og framkvæmd kjarasamninga.
- Undirbúa félagsfundi.
- Undirbúa starfsdaga ásamt undirbúningnefnd fagráðs og stjórnar ÞÍ.
- Undirbúa málþing ásamt undirbúningnefnd fagráðs og stjórnar ÞÍ.
- Undirbúa fræðslu ÞÍ.
- Funda með trúnaðarmönnum og félagsmönnum á vinnustöðum um allt land.
- Vinna tengd BHM.
- Undirbúningur fyrir aðalfund.
- Vera í tengslum við ráð og nefndir félagsins.
- Fræðsla til háskólanema.
- Vinna við innleiðingu starfsmats.

Reikningsár skrifstofunnar er almanaksárið. Reikningar eru skoðaðir af gjaldkera og skoðuðarmönnum félagsins. Á þessu bókhaldsári keypti félagið bóka og löggildan endurskoðanda til að sjá um bókhald félagsins.

Hefðbundin stjórnarstörf

Stjórn fundaði reglulega á árinu eða í alls 12 skipti. Umfjöllunarefni stjórnar þetta árið voru fagmál, kjaramál, starfsmat, erlent samstarf auk rekstrarmála félagsins.

Starfsárið 2019 - 2020

Sameiginlegur fundur með stjórn PÍ, nefndum og ráðum var haldinn 27. ágúst 2019 þar sem markmið fyrir starfsárið voru sett og skipting verka átti sér stað. Í ráðum og nefndum félagsins þetta starfsár voru:

Fagráð

Særún Sigurjónsdóttir (2018-2020)
Kristbjörg Hjaltadóttir (2018-2020)
Auður Kvaran (2019-2021)
Kolbrún Stígsdóttir (2018-2020)
Lilja Össurardóttir (2019-2021)
Sigurbjörn Björnsson (2018 – 2020)
Kolbrún Ósk Albertsdóttir (2018 – 2020)
 Tengiliður við stjórn:
Hanna Kristín Sigurðardóttir

Kjörnefnd

Rún Halldórsdóttir (2018-2020)
Ragna Ragnardóttir (2019-2021)
Valborg Helgadóttir (2019-2021)
Bjarghildur Pálsdóttir (2019-2021)
Ragnhildur Þórarinsdóttir (2018-2020)
 Tengiliður við stjórn: **Anna Lilja Magnúsdóttir**

Laganefnd

Ragnhildur Þorsteinsdóttir (2018-2020)
Þóroddur Þórarinnsson (2018-2020)
Ragnhildur Sigurðardóttir (2018-2020)
 Helga Magnúsdóttir (2019-2021)
Guðný Stefánsdóttir (2019-2021)
 Tengiliður við stjórn:
Ingibjörg Gyða Guðrúnardóttir

Útgáfuráð

Særún Ósk Böðvarsdóttir (2018-2020)
Selma Hauksdóttir (2018 - 2020)
Embla Rún Hakadóttir (2018-2020)
Trausti Júlíusson (2019-2021)
Laufey Gunnarsdóttir (2019-2021)
Friðþór Vestmann Ingason (2019-2021)
 Vantar einstakling frá Rannsóknarstofu í þroskaþjálfufræðum
 Tengiliður við stjórn: **Jóhanna Lilja Ólafsdóttir**

Vísindasjóðsstjórn

Valborg Helgadóttir, formaður
Bjarnveig Magnúsdóttir, gjaldkeri PÍ
Þórunna Halldórsdóttir, ritari
 Ragnheiður Elín Ragnarsdóttir
 Tengiliður við stjórn: **Anna Lilja Magnúsdóttir**

Siðanefnd

Árni Már Björnsson (2018-2021)
Guðný Sigurjónsdóttir (2019-2022)
Signý Þórðardóttir (2020-2023)

Varamenn:

Árni Viðar Þórarinnsson (2018-2021)
Friðrik Sigurðsson (2019-2022)
Guðbjörg Birna Guðmundsdóttir (2020-2023)
 Tengiliður við stjórn:
Laufey Elísabet Gissurardóttir

Skoðunarmenn reikninga

Fanney Sumarliðadóttir
Þórhildur Garðarsdóttir
Jóhanna Margrét Árnadóttir til vara





Stéttarfélagar eru 776 talsins, fagaðilar 8 auk þess sem nokkrir nemar í þroskaðjálfafræðum skráðu sig sem aukafélaga.

Trúnaðarmannafundir voru sjö á starfsárinu. Þeir voru haldnir 11. október 2019, 21. febrúar 2020 þessir fundir voru haldnir í Borgartúni 6, 105 Reykjavík. Síðan voru haldnir fjarfundir í gegnum Zoom 20. apríl 2020, 27. apríl 2020 og 4. maí, 5. maí og 11. maí 2020 sjá skýrslu frá trúnaðarmannaráði.

Í trúnaðarmannaráði eru:

Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins

Póra B. Bjartmarz

Klettaskóli

Magnús Guðberg Sigurðsson

Framhaldsskólar

Vantar

Leikskólar Reykjavíkur

Særún Ósk Böðvarsdóttir

Ás styrktarfélag/búseta

Nína María Morávek

Seltjarnarnesbær

Kristín Helga Magnúsdóttir

Ás styrktarfélag/dagþjónusta

Kristín Ásgeirsdóttir

Austurland

Guðbjörg Gunnarsdóttir

Skálatúnsheimilið

Jónína Árnadóttir

Norðurland

Gestur Guðrúnarson

Grunnskólar Hafnarfjarðar

Hanna Guðrún Pétursdóttir (Setbergsskóli)

Grunnskólar Akureyrar

Ragnheiður Júlíusdóttir

Hafnarfjörður leikskólar

Lilja Sólrún Guðmundsdóttir

Suðurland

Steinunn Jónsdóttir

Grunnskólar Hafnarfjarðar

Margrét Erla Haraldsdóttir

Grunnskólar á Suðurlandi

Karen Erlingsdóttir

Víðivellir í Hafnarfirði

Kristín Helga Skarphéðinsdóttir

Vesturland

Andrea Magnúsdóttir

Reykjanesbær

Linda Birgisdóttir

Vestfirðir

Sóley Veturliðadóttir

Reykjavík-búseta

Ingibjörg Elín Jóhannsdóttir

Garðabær

Helga Linnet

Barðastaðir

Ragnheiður Jónsdóttir

Ríki Landspítali

Gerður Pálsdóttir

Reykjavík-dagþjónusta

Oddrún Ólafsdóttir

Grunnskólar Kópavogs

Pórunn Guðrún Einarsdóttir

Grunnskólar Reykjavíkur

Ragnheiður E. Ragnarsdóttir

Kópavogur/Velferðarsvið

Jóhanna Lilja Ólafsdóttir

Fellaskóli grunnskóli í Reykjavík

Gunnhildur Halldóra Axelsdóttir

Frístundahluti SFS Reykjavík

Pórunn Skúladóttir

Mosfellsbær

Vantar

Hafnarfjörður – Setbergsskóli

Hanna Guðrún Pétursdóttir

Kjaramálin

Kjaramál eru viðvarandi viðfangsefni hjá Proskaþjálfafélagi Íslands og var starfsárið engin undantekning, þar sem samningaviðræður hafa staðið yfir á árinu við ríkið, Reykjavíkurborg og Samband íslenskra sveitarfélaga. Frá vormánuðum hefur ÞÍ verið í öflugum samstarfi við 10 félög innan BHM í samningaviðræðum við ríkið en samningar losnuðu 31. mars 2019. Samningaviðræður standa enn yfir við Reykjavíkurborg.

Proskapjálfafélag Íslands undirritaði nýjan kjarasamning við ríkið 2. apríl 2020. Það var gert í samfloti við 10 önnur aðildarfélög BHM. Samninganefndir þessara aðildarfélaganna BHM stóðu frammi fyrir því að taka afstöðu til tilboðs Samninganefndar ríkisins. Í ljósi fordæmalausrar stöðu í samfélaginu var ákveðið að bera samninginn undir félagsmenn í atkvæðagreiðslu. Vegna samkomubanns var kjarasamningurinn kynntur með rafrænum hætti.

BHM- félögin ellefu eru: Dýralæknafélag Íslands (DÍ) Félag geislafræðinga (FG) Félag íslenskra hljómlistarmanna (FÍH) Félag íslenskra náttúrufræðinga (FÍN) Félag lífeindafræðinga (FL) Félagsráðgjafafélag Íslands (FÍ) Iðjuþjálfafélag Íslands (IPÍ) Kjarafélag viðskiptafræðinga og hagfræðinga (KVH) Ljósmeðrafélag Íslands (LMFÍ) og Sálfræðingafélag Íslands (SÍ).

Proskapjálfafélag Íslands undirritaði nýjan kjarasamning við Samband íslenskra sveitafélaga 8. maí 2020. Það var gert í samfloti við 5 önnur aðildarfélög BHM. Félögin fimm eru Dýralæknafélag Íslands (DÍ) Félagsráðgjafafélag Íslands (FÍ) Iðjuþjálfafélag Íslands (IPÍ) Kjarafélag viðskiptafræðinga og hagfræðinga (KVH) og Sálfræðingafélag Íslands (SÍ). Samninganefndir ÞÍ hafa einnig fundað reglulega með samninganefndum Reykjavíkurborgar og standa samningaviðræður enn yfir.

Áræðni - Framþróun - Sveigjanleiki

Virk starfsendurhæfing

Mikil aukning hefur verið hjá ráðgjöfum VIRK starfsendurhæfingar á síðustu árum og er aukningin mest meðal háskólamanna og þar af leiðandi hafa biðlistar lengst eftir þjónustu hjá ráðgjöfum sem sinna aðildarfélögum BHM. Einn Virk ráðgjafi bættist við í febrúar 2020 vegna langra biðlista í starfsendurhæfingu og eru VIRK-ráðgjafar orðnir samtals sex. Þeir þjóna einnig félagsmönnum hjá KÍ og öðrum háskólamönnum.





BHM

Þroskaþjálfafélagið er virkur þátttakandi í öllu starfi BHM og á fulltrúa í stjórn BHM og í sjóðum BHM. **Laufey Elísabet Gissurardóttir**, formaður PÍ situr í stjórn BHM, í Kjara- og réttindanefnd BHM og Þjónustu- og aðbúnaðarnefnd BHM. **Anna Lilja Magnúsdóttir**, framkvæmdastjóri PÍ situr í stjórn styrkarsjóðs og **Gerður Pálsdóttir**, þroskaþjálfari og trúnaðarmaður PÍ situr í stjórn orlofssjóðs BHM.

Formannafundir eru haldnir reglulega þar sem farið er yfir mál aðildarféлага og bandalagsins og þar sem formaður PÍ situr í stjórn BHM hefur framkvæmdastjóri PÍ verið fulltrúi PÍ á þeim fundum.

Framkvæmdastjóri situr einnig reglulega fundi innanhúss sem utan í samstarfi við BHM.

Nokkrar breytingar hafa verið á húsakynnum BHM í Borgartúni 6 á síðustu misserum eins og komið hefur fram í skýrslum síðustu ára. Nú er unnið að koma upp eldunar- og borðaðstöðu fyrir starfsfólk upp á fjórðu hæð. Við það skapast aukið skrifstofurými á þriðju hæð og er þegar byrjað að setja þar upp skrifstofur, auk þess sem tilfærslur verða hjá nokkrum aðildarfélögum

Fræðslufundir og málþing

Í tilefni alþjóðlegs dags þroskaþjálfra 2. október stóð félagið fyrir málþingi sem bar heitið **Þvingun og valdbeiting**, hvað getum við gert betur? Þeir sem fluttu erindi á málþinginu voru **Salóme Anna Þórisdóttir** þroskaþjálfari sem vannur hjá sérfræðiteymi um aðgerðir til að draga úr nauðung við fatlað fólk. Erindið hennar fjallaði um aðgerðir til að draga úr beitingu nauðungar í þjónustu við fatlað fólk. **Ragna Ragnarsdóttir** forstöðuproskaþjálfari á heimili fatlaðs fólks fjallaði um umsóknarferlið til að draga úr nauðung og þvingun, og

Bryndís Snæbjörnsdóttir formaður Landsamtakanna Þroskaþjálfara fjallaði um sýn aðstandenda. Síðanefnd PÍ var með innlegg um sýn nefndarinnar á regluverkið og hlutverk þroskaþjálfans út frá siðareglum félagsins.

Steinunn Hafsteinsdóttir og **María Sigurjónsdóttir** fagstjórar og þroskaþjálfar sem starfa í Arnarskóla ræddu um hver fylgist með þjónustunni í skólanum? Í lokin var **Laufey Elísabet Gissurardóttir**, formaður Þroskaþjálfafélags Íslands með samantekt og velti upp spurningunni: **hvert er svo framhaldið?**

Málþing PÍ 2020 var haldið 31. janúar 2020 og bar heitið „**Lífið og lögin**” - upplifun notenda af lögbundinni þjónustu við fatlað fólk. Sú nýbreytni var höfð á að dagskráin var að mestu leyti byggð upp með flutningi stuttra erinda sem fatlað fólk flutti og/eða nánustu aðstandendur þeirra.

Í febrúar kynntu **Guðný Stefánsdóttir** og **Þórunn Halldórsdóttir** þroskaþjálfar matskerfið sem er notað á Íslandi og víðar um heiminn fyrir fötluað börn með langvarandi stuðningsþarfir og hefur verið staðlað hér á landi fyrir 5-17 ára börn.

Í kynningunni var farið yfir faglegan og fræðilegan bakgrunn, áherslur og aðferðir við að meta stuðningsþörf með matskerfinu, túlkun á niðurstöðum, notkun og notagildi fyrir þroskaþjálfara með það að markmiði að auka lífsgæði fatlaðra barna.

Fjölmarginir þroskaþjálfar tóku þátt og aðstoðuðu við stöðlun á matskerfinu.



Erlent samstarf

Proskapjálfafélag Íslands á aðild að **Nordisk Forum for socialpedagoger** (NFFS) samtökum norrænna proskapjálfa. Í þessu samstarfi eru félög frá Noregi, Danmörku, Færeyjum og Grænlandi.

Mikilvægt er að sinna erlendu samstarfi að því marki sem hægt er. Á síðasta ári var haldinn stjórnarfundur hjá NFFS í Danmörku og frá Þí fór formaður og varaformaður. Á þeim fundi var rætt um menntun proskapjálfa á norðurlöndunum. Einnig var rætt um siðfræðileg málefni út frá reglugerðum og lögum. Sameiginlegur fundur var með NSSK sem er samtök norræna félagsráðgjafa efni fundarins var kulnun í starfi fagstétta. Á þeim fundi kynntu formaður Þí

og formaður FÍ þau úrræði sem Virk er með í boð á Íslandi.

Vegna samkomubanns var haldinn stjórnarfundur í NFFS í gegnum fjarfund í apríl 2020, en efni fundarins var ástandið í heiminum vegna Covid- 19. Rætt var um hvernig ástandið hefur áhrif á störf proskapjálfa, samfélagið og á þá þjónustu sem proskapjálfar veita.

Félagið er með aðild AIEJI (International Association of Social Educators). Stjórn samtakanna hittist að jafnaði tvisvar á ári og eru fundir haldnir á mismunandi stöðum, til að styðja við starfsemi aðildarfélags í viðkomandi landi.



Samstarf við háskólasamfélagið

Útskriftarnemum ásamt starfsmönnum proskapjálfadeildar og leiðbeinendum í verknámi var boðið til félagsins daginn fyrir útskrift eða þann 21. júní 2019. Tilgangurinn er að bjóða verðandi proskapjálfum velkomna í félagið og kynna áherslur og starfsemi Þí. Stefnt er að því að gera það sama á þessu ári ef aðstæður leyfa það.

Félagið var með kynningu fyrir fyrsta árs proskapjálfanema í október 2019 þar sem starfssemi félagsins var kynnt fyrir þeim.

Samkvæmt viljayfirlýsingu sem Menntavísindasvið Háskóla Íslands og Proskapjálfafélag Íslands hafa undirritað um faglegt samstarf er kveðið á um að báðir aðilar komi á sameiginlegum vettvangi til faglegrar umræðu um störf, starfsvettvang og menntun proskapjálfa og skal sérstaklega tiltaka símenntun og framhaldsmenntun fagstéttarinnar.

Hefur félagið átt tvo fundi með Menntavísindasviði Háskóla Íslands, í nóvember 2019 og febrúar 2020, þar sem rætt var m.a. um hugmyndafræði og aðferðir, inntak, þróun og gæði þjónustu proskapjálfa við fatlað fólk og tengsl við nám í proskapjálfafræðum og starfsþróun proskapjálfa.

Síðustu mánuðir hafa verið fordæmalausir í heiminum og mikið álag verið á allt samfélagið hér á Íslandi og hafa proskapjálfar staði vaktina og unnið oft við erfiðar aðstæður.

Proskapjálfafélag Íslands hafði samband við Víði Reynisson yfirlögregluþjón og Ölmú Möller landlækni í 12. mars með þá hugmynd að stofna bakvarðarsveit proskapjálfa til að aðstoða sérstaklega í búsetu fatlaðs fólks. Þau tóku þeirri hugmynd gríðarlega vel og báðu félagið að vera í sambandi við Félagsmálaráðuneytið. Við þessar aðstæður var brýnt að tryggja lögbundna þjónustu og veita aðstoð til viðkvæmustu

Áræðni - Framþróun - Sveigjanleiki



hópanna í samfélaginu og var stofnuð svokölluð bakvarða-sveit í velferðarþjónustu. Þroskaþjálfar gátu skráð sig á lista ef þeir höfðu tök á að ráða sig tímabundið, hvort sem væri í fullt starf eða tímavinnu. Þegar neyðarástand ríkir í landinu er mikilvægt að allir vinni saman til að minka skaðann eins og hægt er. Vonandi með hækkanði sól fer samfélagið okkar að fara í eðlilegra horf.

Nefndir og ráð hafa starfað með reglubundnum hætti á árinu. Með starfi í nefndum og ráðum gefa félagar mikið til félagsins. Mikilvægt er að hafa virka félagsmenn sem endurspeglast alltaf í starfi félagsins. Þessum aðilum verður seint fullþakkað. Sjá skýrslur frá ráðum og nefndum félagsins hér aftar í skýrslunni. Síðasta starfsár ÞÍ hefur verið viðburðaríkt og vil ég þakka öllum þeim þroskaþjálfum sem hafa komið að starfi félagsins sérstaklega fyrir vel unnin störf.

Reykjavík 8. maí 2020

Fyrir hönd stjórnar Þroskaþjálfafélags Íslands,

Laufey Elísabet Gissurardóttir,
formaður ÞÍ



Skýrsla gjaldkera starfsárið 2019 - 2020

Gjaldkeri vann með formanni og framkvæmdastjóra félagsins árið 2019. Hann hefur átt samráð við formann, framkvæmdastjóra og stjórn um rekstur félagsins.

Gjaldkeri situr í stjórn Vísindasjóðs ÞÍ og greiðir út styrki með framkvæmdastjóra sem samþykktir eru.

Félagssjóður skilaði rekstarhagnaði upp á kr.: **12.470.210,-** eftir fjármagnsliði árið 2019.

Störf gjaldkera eru:

- Vinnur með framkvæmdastjóra.
- Veitir ráðgjöf og aðhald varðandi rekstur félagsins.
- Kemur að gerð fjárhagsáætlunar.
- Gjaldkeri er einnig gjaldkeri verkfalls- og vísindasjóðs félagsins.

Bjarnveig Magnúsdóttir
gjaldkeri ÞÍ



Skýrsla Trúnaðarmannaráðs 2019-2020

Trúnaðarmannaráð hélt 7 fundi á starfsárinu, tvo fundi í húsnæði PÍ í Borgartúni 6 og fimm fundi í gegnum zoom - fjarfundabúnað. Á fundi trúnaðarmannaráðs 11. október 2019 var farið yfir 15. gr. laga PÍ um trúnaðarmannaráð, hverjir sitja í því og hvert hlutverk þeirra er. Mikilvægt er að hafa trúnaðarmenn á sem flestum starfsstöðvum og þeir vinnustaðir sem eru með fleiri en 5 proskapjálfa eiga rétt á að vera með trúnaðarmann á sinni starfsstöð. Farið var yfir verðbólguþá 2018-2020 og þjóðhagsþá 2018-2024 og mikilvægi þess að skoða þær í tengslum við komandi kjarasamningsgerð. Kynntar voru samninganefndir PÍ en í samninganefndum félagsins eru fulltrúar úr trúnaðarmannaráði ásamt formanni, varaformanni og framkvæmdarstjóra félagsins. Viðsemjendur í komandi kjarasamningum eru: Reykjavíkurborg, ríkið og Samband íslenskra sveitarfélaga.

Trúnaðarmannafundurinn 21. febrúar 2020 var tileinkaður kjarasamningum. Farið var yfir stöðuna í kjaraviðræðum og helstu áherslur samningsaðila. Þí hefur átt 55 fundi með ríkinu þar sem miklar umræður hafa verið um þær kerfisbreytingar sem fyrirhugaðar eru með styttingu vinnuvikunnar og yfirvinnu 1 og 2.

Fimm fjarfundir voru haldnir með trúnaðarmannaráði þann 20. apríl, 27. apríl, 4. maí, 5. maí og 11. maí 2020. Þar fóru formaður og framkvæmdarstjóri PÍ yfir stöðuna í kjaraviðræðum. Búið er að skrifa undir kjarasamning við ríkið en fundað er reglulega með Reykjavíkurborg og Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Fyrir hönd trúnaðarmannaráðs
Halldóra Jóhannesdóttir Sanko
varaformaður PÍ



Áræðni

Framþróun

Sveigjanleiki



Skýrsla laganefndar 2019-2020

Laganefndin hittist fimm sinnum á tímabilinu. Farið var yfir lög félagsins og þau skoðuð með tilliti til nýrra persónuverndarlaga, skoðað var orðalag vegna umóknar í félagið ásamt úrsögn.

Einnig var orðalag skoðað almennt. Samráð var haft við stjórn ÞÍ. Gerðar voru tillögur að breytingum sem sendar voru til stjórnar ÞÍ.



Skýrsla fagráðs 2019-2020

Haustönn 2019 notaði fagráð til að setja saman áhugaverða og fræðandi dagskrá fyrir málþing Proskafélag Íslands sem haldið var föstudaginn 31. janúar á Hótel Natura.

Yfirskrift málþingsins að þessu sinni var „**Lífið og lögin, upplifun notenda af lögbundinni þjónustu við fatlað fólk**“

Sú nýbreytni var höfð á að dagskráin var að mestu leyti byggð upp með flutningi stuttra erinda sem fatlað fólk flutti og/eða nánustu

aðstandendur þeirra. Markmið málþingsins var að fá sýn notenda á þá þjónustu sem veitt er og miðuð er að fötluðu fólki. Erindin náðu yfir fjölbreytta þjónustu s.s þjónustu grunnskóla, bæði almenna og sérskóla, þjónustu framhaldsskóla, atvinnumál, búsetu og NPA þjónustu bæði fyrir börn og fullorðna. Málþingið var vel sótt og var mikil ánægja með óhefðbundna dagskrá þessa málþings.

Skýrsla útgáfuráðs 2019-2020



Meginverkefni útgáfuráðs er útgáfa fagtímarits félagsins. Síðasta blað Þroskaþjálfans kom út rafrænt á síðu félagsins í byrjun mars 2019. Vinna við næsta tölublaðið hefur verið í gangi síðastliðið ár en hægt hefur gengið að afla greina til birtingar í blaðinu. Útgáfuráð vill hvetja alla þá þroskaþjálfara sem eru að vinna að nýjungum eða öðrum áhugaverðum verkefnum til að skrifa greinar í blaðið. Nánari upplýsingar um greinarskrif er hægt að sjá á heimasíðu félagsins www.throska.is og með því að senda tölvupóst á utgafurad@gmail.com.

Útgáfuráð fundar misjafnlega oft eftir því hvar í útgáfuférlinu blaðið er statt hverju sinni en þar að auki fara fram samskipti í gegnum tölvupósta, ský og samfélagsmiðla. Fulltrúi stjórnar í útgáfuráði er **Jóhanna Lilja Ólafsdóttir**.

Áræðni - Framþróun - Sveigjanleiki

Skýrsla síðanefndar starfsárið 2019-2020

Hlutverk síðanefndar er að stuðla að siðferðilegri íhugun og vitund meðal þroskaþjálfara og halda siðferðilegri umræðu á lofti innan félagsins.

Til síðanefndar er hægt að beina fyrirspurnum um ráðgjöf og umfjöllun um siðferðileg málefni, auk erinda vegna hugsanlegra brota á siðareglum félagsins. Síðanefnd úrskurðar um erindi sem henni berast um meint brot á siðareglum ÞÍ eins og þær eru á hverjum tíma.

Ekkert formlegt erindi barst til síðanefndar á yfirstandandi starfsári.

Síðanefnd vann að erindi sem flutt var á málþingi Þ.Í. þann 2. október 2019 á alþjóðadegi þroskaþjálfara og fjallaði um þvingun og valdbeitingu. Í erindinu fjallaði síðanefnd um sýn síðanefndar á regluverkið og hlutverk þroskaþjálfans út frá siðareglum félagsins um þetta málefni.


Siðareglur og starfsreglur síðanefndar eru aðgengi-
legar á heimasíðu Þroskaþjálfafélags Íslands
<http://www.throska.is/is/um-felagid/thi/sidareglur>

Síðanefnd skipa:

Árni Már Björnsson
Guðný Sigurjónsdóttir
Sígný Þórðardóttir

Varamenn eru:

Árni Viðar Þórarinnsson
Friðrik Sigurðsson
Guðbjörg Birna Guðmundsdóttir





Skýrsla Vísindasjóðs starfsárið 2019-2020

Stjórn Vísindasjóðs fundaði nokkrum sinnum á starfsárinu, bæði til að fara yfir umsóknir og vinna í reglum sjóðsins en þær voru endurnýjaðar vor 2019. Framkvæmdastjóri Þroskaþjálfafélags Íslands gekk frá greiðslum til styrkþega samkvæmt úthlutun stjórnar sjóðsins. Fyrir starfsárið bárust 594 styrkhæfar umsóknir í Vísindasjóðinn. Upphæðin sem kom til úthlutunar var kr. **59.671.219.-** og skiptist jafnt á milli umsækjenda (greitt eftir starfshlutfalli).

Umsóknarferli Vísindasjóðs er til 15. maí ár hvert og greitt er út fyrir 1. júní.

Breyttar reglur fela í sér að greitt verður til þeirra sem eiga rétt fyrir 1. mars ár hvert. Því er ekki lengur þörf á að félagsmenn þurfi að sækja sérstaklega um.

f. h. Vísindasjóðs
Valborg Helgadóttir



Skýrsla kjörnefndar 2019-2020

Nefndin kom nokkrum sinnum saman og fór yfir stöðuna, eftir það fóru samskiptin fram í gegnum tölvupósta. Verkefni kjörnefndar er að leita eftir framboðum í stjórn, nefndir, og ráð á vegum félagsins. Fimmtán þroskaþjálfar luku kjörtímabili sínu í stjórn, ráðum og nefndum félagsins, sex þroskaþjálfar gáfu kost á sér til áframhaldandi setu og því eru níu ný nöfn á lista þeim sem kjörnefnd stillir upp fyrir stjórn, nefndir og ráð. Vel gekk að manna í öll embættin.

Í lokin vill kjörnefnd bjóða nýja þroskaþjálfara í stjórn, ráð og nefndir velkomna til starfa, og þakka þeim sem ljúka störfum fyrir vel unnin störf.

F.h. kjörnefndar,
Valborg Helgadóttir

Tillögur kjörnefndar í stjórn, nefndir og ráð fyrir 2020-2022

Stjórnarmenn	hlutverk	verður áfram/ segir af sér	gefur kost á sér í stjórn 2020-2022
Stjórn ÞÍ			
Laufey E. Gissurardóttir	formaður	(2018-2020)	Laufey E. Gissurardóttir
Halldóra J. Sanko	varaformaður	(2019-2021)	
Jóhanna Lilja Ólafsdóttir		(2019-2021)	
Ingibjörg G. Guðrúnardóttir		(2018-2020)	Ingibjörg G. Guðrúnardóttir
Steinunn Jónsdóttir		(2018-2020)	Steinunn Jónsdóttir
Hanna Kristín Sigurðardóttir		(2019-2021)	
Bjarnveig Magnúsdóttir		(2018-2020)	Bjarnveig Magnúsdóttir
Útgáfuráð			
Særún Ósk Böðvarsdóttir		(2018-2020)	Hallbjörn Valgeir Rúnarsson
Selma Hauksdóttir		(2018-2020)	Ingibjörg Elín Baldursdóttir
Trausti Júlíusson		(2019-2021)	
Friðþór Vestmann Ingason		(2019-2021)	
Embla Rún Hakadóttir		(2018-2020)	Guðrún Benjamínsdóttir
Laufey Gunnarsdóttir		(2019-2021)	
Fagrað			
Særún Sigurjónsdóttir		(2019-2021)	
Kolbrún Ósk Albertsdóttir		(2018-2020)	Sigrún Stella Þrastardóttir
Kristbjörg Hjaltadóttir		(2018-2020)	Marta María Vído
Lilja Össurardóttir		(2019-2021)	
Auður Björk Kvaran		(2019-2021)	
Sigurbjörn Björnsson		(2018-2020)	Sunna Mjöll Bjarnadóttir
Kolbrún Stígsdóttir		(2018-2020)	Kolbrún Stígsdóttir
Laganefnd			
Ragnildur Sigurðardóttir		(2019-2021)	
Helga Magnúsdóttir		(2019-2021)	
Ragnildur Þorsteinsdóttir		(2018-2020)	Steinunn Hafsteinsdóttir
Guðný Stefánsdóttir		(2019-2021)	
Póroddur Þórarinnsson		(2018-2020)	Björn Finnbogason
Kjörnefnd			
Valborg Helgadóttir		(2019-2021)	
Bjarghildur Pálsdóttir		(2019-2021)	
Ragna Ragnarsdóttir		(2019-2021)	
Rún Halldórsdóttir		(2018-2020)	Brynjar Hans Lúðvíksson
Ragnildur Þórarinsdóttir		(2018-2020)	Ragnildur Þórarinsdóttir



Skoðunarmenn reikninga kosnir árlega

Fanney Sumarliðadóttir

Sigríður Rut Hilmarsdóttir

Jóhanna Margrét Árnadóttir til vara

Fulltrúar sem stjórn tilnefnir

Siðanefnd

Árni Már Björnsson

(2018-2021)

Guðný Sigurjónsdóttir

(2019-2022)

Signý Þórðardóttir

(2020-2023)

Varamenn í Siðanefnd

Árni Viðar Þórarinnsson

(2018-2021)

Fríðrik Sigurðsson

(2019-2022)

Guðbjörg Birna Guðmundsdóttir

(2020-2023)



55
ára



PROSKAPJÁLFAFÉLAG
ÍSLANDS